

212  
28. des.

VI. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

27. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta innflutningsskrifstofunni í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast gildi 1. janúar 1954.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. desember 1953.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

213  
3. des.

**SAMÞYKKT**

fyrir Vatnafélag Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Nesjahrepps. Heimili þess og varnarþing er Nesjahreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að veita Laxá, svo að hún eyðileggi ekki tún, engjar, heitiland og vegi jarða þeirra, er að henni liggja.

Félagið getur aukið starfsvið sitt, að því er nær til annarra vatna í sveitinni, svo sem Hornafjarðarfljóta, Hoffellsár, o. fl., og er þá opið öllum hreppsbum að ganga í það.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Árnanes, Borga, Fornustekka, Meðalfells I og II, Austurhóls, Brekkubæjar, Grundar og Bjarnarness. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýjum jörðum, eða fella jarðir úr félagsskapnum, og er það heimilt með samþykki aðalfundar, en náist það ekki, má skjóta því atriði til úrskurðar atvinnumálaráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaganna.

## 4. gr.

213

3. des.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og aðrir 3 í varastjórn, er kosnir skulu til þriggja ára í senn og gengur 1 úr á ári, eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

## 5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar fram lagður reikningur félagsins, endurskoðaður fyrir umliðið ár. Fundur er lög-mætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar í félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta atkvæða fundarmanna, en til breytinga á samþykkt þessari þarf  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða mætttra fundarmanna.

Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt, ef einn fjórði hluti félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur þeirra jarða, er félagið tekur sér fyrir hendur að verja fyrir ágangi vatna og gildir eitt atkvæði fyrir hverja landareign. Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitarfunda.

## 6. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni eftir mati þriggja manna, er félagið kys til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð tveggja þar til dómkvaddra manna og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

## 7. gr.

Formaður félagsstjórnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um, að gert verði við bilanir, svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega, af þar til hæfum manni, að tilhlutun formanns, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

## 8. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægilegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki.

Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar, er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé á umbót á varnargörðum eða nýrra mannvirkja, frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu um það að láta framkvæma það verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

**213**

3. des.

10. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50 til 500 kr., er renna í félags-sjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætta opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 3. desember 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**214**

28. des.

## AUGLÝSING

### um bann gegn hundahaldi í Grímseyjarhreppi.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur hinn 12. þ. m., samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Grímseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Grímseyjarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. desember 1953.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*